



Netverslun eykst í faraldrinum

Í nóvember jókst innlend netverslun um 353% milli ára og nam alls 7,6 mö.kr. Hlutfallslega var netverslun mest í raf- og heimilistækjaverslunum þar sem 41% af kaupum fóru fram í gegnum netið. Jólagjafir voru að líkindum margar keyptar í gegnum netverslanir á sérstökum tilboðsdögum í nóvember.

Líkt og Hagfræðideild [greindi frá](#) var kortavelta nokkuð mikil í nóvember þrátt fyrir sóttvarnaraðgerðir og fjöldatakmarkanir í verslunum. Rannsóknarsetur verslunarinnar (RSV) birti gögn um kortaveltu innlendra netverslana¹ sem nam alls 7,6 mö.kr. í nóvember og jókst um 353% milli ára miðað við fast verðlag. 17% af allri kortaveltu í verslunum í nóvember fór fram í gegnum netið, sem er mikil aukning miðað við fyrri mánuði, og skýrir verulegan hluta aukningarinnar í verslun í nóvember.


Netverslun hlutfallslega mest í raf- og heimilistækjaverslunum

Í raf- og heimilistækjaverslunum er netverslun mikil, bæði sem hlutfall af heildarveltu þar, en einnig sem hlutfall af allri netverslun. Í nóvember nam kortavelta raf- og heimilistækjaverslana í gegnum netið 1,6 mö.kr., sem er 18% af samanlagðri kortaveltu netverslana, og 41% af kortaveltu landsmanna í raf- og heimilistækjaverslunum í nóvember.

Svipað hlutfall kortavelturnar í verslunum með heimilisbúnað fór fram í gegnum netið í nóvember, eða 40%. Í fataverslunum var hlutfall kortaveltu í netverslunum 27% og 6% í stórmörkuðum og dagvöruverslunum. Alls staðar hafði hlutfallið í nóvember aukist miðað við fyrri mánuði.


Veltumestu netverslanirnar eru stórmarkaðir og dagvöruverslanir, en um 20% af allri kortaveltu einstaklinga í netverslunum síðan í apríl hefur farið fram þar. Hins vegar er netverslun einungis mjög líttill hluti af kortaveltu einstaklinga í stórmörkuðum og dagvöruverslunum almennt, þar sem

Kortavelta í netverslunum



Litið er til kortaveltu í verslunum eingöngu.
Heimild: RSV, Hagfræðideild Landsbankans

Hlutfall netverslunar af heildarverslun



Gögn um netverslun í stórmörkuðum og dagvöruverslunum eingöngu aðgengileg frá apríl 2020.
Heimild: RSV, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Eingöngu er litið til netverslunar í verslunum, þ.e. kaup á þjónustu innanlands er undanskilin í þessari greiningu.



einstaklingar virðast enn mjög gjarnir á að leggja leið sína í þær verslanir.

Framlag netverslana mikilvægt á tímum veirufaraldurs

Í nóvember mældist alls 24% aukning milli ára í kortaveltu í verslunum miðað við fast verðlag og skýrir netverslun 16 prósentustig aukningarinnar. Tilkoma netverslana hefur því eflaust auðveldað mörgum jólaínnkaupin og samtímis komið í veg fyrir samdrátt hjá verslunum á þessum neyslumesta tíma ársins.

Þegar litið er til einstakra verslana sést að netverslun hefur í einhverjum tilfellum bætt alfarið upp fyrir minni verslun á útsölustöðum vegna faraldursins, til að mynda í verslunum með heimilisbúnað. Þar jókst kortaveltan um 2% að raunvirði milli ára í nóvember og var það alfarið vegna netverslunar þar sem kaup á vörum í sjálfum verslununum drógust saman um 35%.


Í fataverslunum voru kaup í sjálfum verslununum óbreytt milli ára í nóvember, og aukningin í kortaveltu, sem nam alls 26% miðað við fast fataverð, var því alfarið tilkomin vegna netverslunar. Í byggingarvöruverslunum, raf- og heimilistækjaverslunum, og lyfja-, heilsu- og snyrtivöruverslunum mátti greina bæði aukningu á kaupum í sjálfum verslununum og í gegnum netið í nóvember.

Netverslun erlendis frá mikil

Netverslun hefur ekki bara aukist hér innanlands, heldur eru Íslendingar einnig duglegir að kaupa vörur og þjónustu erlendis frá í gegnum netið. Sést það til að mynda glögglega á kortaveltu [erlendis í nóvembermánuði](#) sem var samtals um 10 ma.kr. og dróst einungis saman um 46% milli ára þrátt fyrir að utanlandsferðir Íslendinga væru 96% færri en í nóvember 2019. Það er því ljóst að mikill hluti verslunar erlendis fer fram í gegnum netið, og er ekki einungis um kaup á vörum að ræða heldur einnig ýmsa þjónustu.


Hagstofan greindi nýverið frá því að rafræn þjónustukaup Íslendinga erlendis námu alls 14,7 mö.kr. á árinu 2019. Hefur sú fjárhæð margfaldast á síðustu árum, en á árunum 2009-2013 voru þetta innan við 2 ma.kr. á gengi ársins 2019. Þetta eru m.a. kaup á streymisþjónustu (t.d. Netflix og

Kortavelta í verslunum ásamt framlagi netverslana




Velta raunvirt með VNV án húsnæðis. Heimild: RSV, Hagfræðideild Landsbankans

Kortavelta í nóvember eftir einstökum tegundum verslana



Velta raunvirt með VNV án húsnæðis. Heimild: RSV, Hagfræðideild Landsbankans

Rafræn þjónustukaup erlendis



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Spotify), tölvuleikjum, veðmálaþjónustu o.fl. Gera má ráð fyrir því að þessi þjónusta hafi orðið enn vinsælli á árinu sem var að líða með auknum tíma fólks heima við vegna faraldursins.

Við höfum séð það á síðustu mánuðum að Covid-19-faraldurinn hefur breytt mörgu í neysluvenjum fólks. Ferðum í verslanir hefur fækkað og netverslun orðið algengari. Hvort um varanlega breytingu sé að ræða eða ekki á eftir að koma í ljós, en gera má ráð fyrir því að margir hafi notað aðventuna í annað en búðarferðir, sem var ef til vill kærkomin breyting hjá einhverjum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.